

Fundargerð 233. stjórnarfundar Lagnafélags Íslands,

sam haldinn var í húsakynnum Danfoss, fimmtudaginn 24.10, kl. 16,00. Viðstaddir voru allir stjórnarmenn.

Mál:

1. Formaður félagsins sett fund kl. 16.10.

2. Fundargerð stjórnar frá 28.8.2013

Fundargerð 232. fundar félagsins var ekki tilbúin til afhendingar við upphaf fundar og verður því afgreidd á næsta stjórnarfund.

3. Lofsvert lagnaverk, afgreiðsla viðurkenningarnefndar

Kynnt var tillaga Viðurkenningarnefndar til ~~veiting~~ viðurkenningar fyrir lofsvert lagnaverk árið 2012. Eftirfarandi aðilar hljóta viðurkenningu:

Menningarhúsið HOF Akureyri
Arkþing ehf, Reykjavík
Arkitema, Danmörku,
Verkfræðistofa Norðurlands ehf. Akureyri,
VSI Öriggishönnun & ráðgjöf ehf. Reykjavík,
Raftákn ehf, Akureyri,
Verkís hf. Reykjavík,
Blikkrás ehf. Akureyri,
Haraldur Helgason ehf. Akureyri,
Bútur ehf. Akureyri,
Rafmenn ehf. Akureyri.

Tillaga nefndarinnar var samþykkt.

Afhending viðurkenningarinnar fer fram föstudaginn 25. október í Hofi á Akureyri og afhendir forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson viðurkenninguna.

Verkið sem um er að ræða er metið mjög vel unnið af hálfu iðnaðarmanna og hönnuða. Hinsvegar vantar á frágangsgögn, þ.e. handbók. Handbókin er þó í vinnslu og gert ráð fyrir að vinnslu hennar ljúki fyrir 25. okt. 2013.

4. Verkefnið sem allir þekkja en enginn vill kannast við.

Ráðstefna um lokafrágang lagnakerfa sem haldin verður þann 20. nóvember 2011. Verið er að undirbúa ráðstefnuna. Gert er ráð fyrir fimm ávörpum og að pallborðsumræður fari fram um málefnið að afloknum ávörpum. Flutningsmenn eru, Sveinn Áki Sverrisson, Friðrik S. Kristinsson, Kristján Oddur Sæbjörnsson, Rúnar Backmann og Sigurgeir Þórarinnsson.

5. Lagnakerfamiðstöð Íslands. GL.

Staða máls:

Formaður lagnafélagsins hefur setið tvo fundi með Tækniskólanum vegna legnamiðstöðvar. Á fyrri fundinum mætti formaðurinn ásamt Krisjáni, sem sat fundinn í 35 mín, en formaður sat fundinn áfram í 45 mín. Lítið kom fram á fundinum en Tækniskólinn sagðist þó hafa huga á að standa við upphaflegt markmið stöðvarinnar, þ.e. að þar fari fram endurmenntun og skólastarf.

Á seinni fundinum sem var með formanni félagsins kom tillaga frá skólanum um að nota húsið undir almenna kennslu. Þeir töldu koma til greina að fjarlægja tækin úr húsinu, afhenda þau t.d. skólanum í Hafnarfirði og/eða Borgarholtsskóla eða hugsanlega Háskólanum þannig að nota mætti þau þar til kennslu. Og spurðu síðan hvort slík ráðstöfun eigna væri ekki í samræmi við upphaflegt markmið. Bentu á í þessu sambandi að fækkun hefði verið í iðnámi pípulagna, að Iðan sé komin með öll námskeið og ástandið væri þannig að svo léleg aðsókn væri að námskeiðum að þau væru nær öll felld niður.

Kristján Ottósson kom með tillögu um og lagði áherslu á í lok umræða að hætt yrði öllum viðræðum við Tækniskólann og skólanum stefnt af hálfu þeirra sem hafa lögvarða aðild af þessu máli, vegna brots á skilmálum gjafabréfsins. Hann gerði jafnframt tillögu um að formaður mætti ekki á fleiri fundi vegna lagnakerfamiðstöðvar með Tækniskólanum, enginn mælti á móti þeirri tillögu.

6. Fréttabréf 120

Fréttabréfið er í vinnslu og verður sent út fljótlega.

7. Greinar í fréttabréfið

Kristján Ottósson vakti athygli stjórnarmann á að það vantaði greinar í fréttabréfið og fór fram á að stjórnarmenn leggðu til efni.